

## **AÐALFUNDUR JÖKLARANNSÓKNAFÉLAGS ÍSLANDS, 25. febrúar 2020 í Öskju, sal 132, kl. 20:00 - Fundargerð**

Formaður JÖRFÍ Magnús T. Guðmundsson (MTG) setur fundinn kl. 20:10  
DAGSKRÁ (SAMKVÆMT 7. GREIN LAGA FÉLAGSINS):

### **1. dagskrármál: Kosning fundarstjóra og fundarritara**

MTG ber undir fundarmenn að fundarstjóri verði Tómas Jóhannesson (TJ), samþykkt með lófataki.  
TJ ber undir að fundarmenn fundarritari verði Finnur Pálsson, samþykkt með lófataki.

### **2. mál á dagskrá: Kjör heiðursfélaga skv. tillögu stjórnar og valnefndar.**

TJ biður MTG að hafa framsögu um málið og rökstuðning um hvern og einn:

#### **Ástvaldur Guðmundsson (fæddur 1952).**

Ástvaldur gekk í félagið ásamt hópi ungra Flugbjörgunarsveitarmanna snemma á 8. áratug síðustu aldar. Hann hefur alla tíð verið mjög virkur í starfi félagsins. Hann sat í varastjórn og aðalstjórn í yfir 20 ár. Ástvaldur lagði mikla vinnu í skipulagningu vorferða um árabíl. Hann hefur starfað í skálanefnd félagsins um áratugi og komið að öllum skálabyggingum þess frá 1977. Hann hefur tekið þátt í fjölmörgum rannsóknleiðöngrum á Vatnajökul og víðar hér á landi. Einnig hefur hann tekið þátt í frægum jeppaleiðöngrum á Grænlandi og Suðurskautslandinu. Ástvaldur hefur haft mikil áhrif innan félagsins. Honum er einkar lagið að laða að fólk og hafa margir orðið virkir félagsmenn fyrir hans tilverknað. Á grundvelli þessa langa og farsæla ferils leggur stjórnin til að Ástvaldur verði gerður að heiðursfélagi í JÖRFÍ.

**Bragi Skúlason (fæddur 1938).** Bragi er þeirra sporðamælingamanna sem hvað lengst voru að, en hann mældi Sátujökul í aldarþriðjung, eða frá 1982 til 2015. Því verki sinnti hann af samvirkusemi og elju. Bragi hefur ekki aðeins mælt jökulsporða. Hann hefur tekið þátt í ýmsum öðrum jöklarannsóknnum á langri ævi, m.a. var hann einn leiðangursmanna sem þykktarmældi Hofsjökul með íssjá í sex vikna löngum leiðangri vorið 1983. Þá var hann formaður Björgunarsveitarinnar í Skagafirði og framámaður um mörg mál þar í sveit.

**Bryndís Brandsdóttir (fædd 1953).** Bryndís hefur unnið allan sinn starfsferil sem sérfræðingur á Raunvísindastofnun Háskólans (síðar Jarðvísindastofnun) sem jarðskjálftafræðingur. Hún byrjaði snemma að taka þátt í starfi félagsins og var m.a. mikið í vorferðum á tímabili. Um áratugi hefur Bryndís tekið virkan þátt í rannsóknnum á jarðskjálftavirkni í vestanverðum Vatnajökli og svæðinu norðan hans, m.a. með mælingum í vorferðum. Hún sat um tíma í stjórn félagsins og hefur starfað í nefndum þess. Hennar stærsta framlag til Jöklarannsóknafélagsins er þó ritstjórn Jökuls, en hún hefur verið aðalritstjóri tímaritsins í bráðum 30 ár, lengur en nokkur annar. Á grundvelli þessa langa og farsæla ferils leggur stjórnin til að Bryndís verði gerð að heiðursfélagi JÖRFÍ.

**Einar Gunnlaugsson (fæddur 1949).** Einar á að baki langt og farsælt starf á vegum félagsins. Hann tók þátt í vorferðum um árabíl og átti m.a. mikinn þátt í að skipuleggja og koma í kring jarðhitaboruninni 1988, en holurnar sem þá voru boraðar hafa síðan séð húsunum fyrir hita og afli til að reka jarðskjálftamæla og önnur tæki. Var það að vonum að Einar væri betri en enginn í þessu verki því hann starfaði lengst af sem sérfræðingur í jarðhitarannsóknnum á Orkuveitu Reykjavíkur, þar áður Hitaveitunni. Einar mældi sporð Sólheimajökuls um áratugi en nú hefur sonur hans tekið við því hlutverki. En stærsta framlag Einars til félagsins var sennilega til uppbyggingar innra starfs. Hann sat í stjórn og varastjórn félagsins á árunum 1983-1998 og var lengi ritari. Á þeim tíma kom hann á fót fréttabréfinu og ritstýrði því í þar til hann fór úr stjórn. Einar tók einnig að sér erlenda áskrift Jökuls og kom henni fljótlega í það horf að hún varð verulegur tekjuauki fyrir félagið sem ekki hafði verið

áður. Á grundvelli þessa langa og gifturíka starfs leggur stjórnin til að Einar verði gerður að heiðursfélaga JÖRFÍ.

**Indriði Aðalsteinsson (fæddur 1941).** Indriði á Skjaldfönn tók við mælingum á Kaldalónsjökli af föður sínum 1983 og var að til 2014 eða í rúma þrjá áratugi. Hann skrifaði á hverju ári úr Skjaldfannardal afbragðs tíðar- og aldarfarspistil sem birtur var í Jökli í árlegri grein um sporðamælingar. Indriði tók við mælingum af föður sínum, Aðalsteini Jóhannssyni en hann mældi Kaldalónsjökul samfelld frá 1933 eða í 49 ár. Spanna mælingar þeirra feðga á níunda áratug.

**Hallsteinn Haraldsson (fæddur 1943).** Hefur séð um að mæla Hyrningsjökul í Snæfellsjökli allt frá árinu 1975 eða í bráðum 45 ár. Hann hefur farið til mælinga á Hyrningsjökli og Jökulhálsi í 45 skipti enda ekki misst úr eitt einasta ár. Hann hefur sem tók við af föður sínum 1975 og mælir enn. Þegar Hallsteinn tók við mælingunum var hann öllum hnútum kunnugur enda hafði hann fylgt föður sínum til mælinga allt frá árinu 1962. Faðir Hallsteins, Haraldur Jónsson hóf mælingarnar 1932. Samanlagt hafa þeir feðgar því mælt Snæfellsjökul í tæpa níu áratugi og Hallsteinn er ekki hættur. Það er þrautseigja og samviskusemi af þessu tagi sem hefur orðið til þess að sporðamælingar JÖRFÍ vekja athygli um allan heim.

**Leifur Jónsson (fæddur 1933).** Leifur tók við mælingum á Nauthaga- og Múlajökli 1982 og hefur því sinnt þeim í 38 ár. Skipulegar mælingar hófust 1937 og um Múlajökul má segja að sú tímaröð er með þeim eftirtektarverðari því hún nær yfir endurtekin framhlaup. Leifur hefur auk þess að sinna sporðamælingum einnig tekið mikinn þátt í vorferðum um áratugi og hefur hann því sýnt ótrúlegt úthald. Hann tók m.a. þátt í síðasta ferð, vorið 2019 og hann var með í vorferðinni 1987 þegar nýi skáli var fluttur á fjallið sællar minningar. Leifur er því enn að hvort sem litið er til jöklaferða eða sporðamælinga.

Allar tilögur eru samþykktar með lófataki, hver um sig

### **3. mál á dagskrá: Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins.**

MTG formaður, flytur skýrsluna:

#### **SKÝRSLA FORMANNS JÖKLARANNSÓKNAFÉLAGS ÍSLANDS Á AÐALFUNDI 25. FEBRÚAR 2020**

Árið 2019 var enn eitt ár grósku og góðs félagsstarfs. Ferðir og fundir voru vel sóttir og frekar fjölgar í félaginu en fækkar. Fjárhagur þess er einnig góður en eins og reikningar sem gjaldkeri kynnir var afgangur af starfseminni 3,5 millj. og svigrúm okkar til athafna og endurnýjunar tækja og búnaðar fer vaxandi.

Aðalfundur var haldinn 26. febrúar. Fundarstjóri var Tómas Jóhannesson en Finnur Pálsson fundarritari. Á fundinum urðu breytingar á stjórninni en Árni Páll Árnason ákvað að hætta eftir 15 ára setu í aðalstjórn.

#### **Stjórn JÖRFÍ 2019:**

Magnús Tumi Guðmundsson, formaður

Magnús Hallgrímsson, varaformaður

Sjöfn Sigsteinsdóttir, gjaldkeri

Guðfinna Aðalgeirsdóttir, ritari

Sigurður Vignisson, meðstjórnandi

**Varastjórn:** Hálfán Ágústsson, Þóra Karlsdóttir, Andri Gunnarsson og Vilhjálmur S. Kjartansson.

#### **Nefndir JÖRFÍ:**

**Rannsóknanefnd:** Magnús Tumi Guðmundsson formaður, Alexander Jarosch, Andri Gunnarsson, Bergur Bergsson, Bergur Einarsson, Björn Oddsson, Bryndís Brandsdóttir, Eyjólfur Magnússon, Finnur

Pálsson, Guðfinna Aðalgeirsdóttir, Hálfán Ágústsson, Hrafnhildur Hannesdóttir, Magnús Hallgrímsson, Oddur Sigurðsson, Tómas Jóhannesson og Þorsteinn Þorsteinsson.

**Bílanefnd:** Sigurður Vignisson formaður, Árni Páll Árnason, Eiríkur Finnur Sigursteinsson, Garðar Briem, Hallgrímur Þorvaldsson og Þórður Örn Reynisson.

**Skálanefnd:** Sverrir Hilmarsson formaður, Aðalsteinn Svavarsson, Alexander Ingimarsson, Ástvaldur Guðmundsson, Grétar Þorvaldsson, Guðbjörn Þórðarson, Gunnar Antonsson, Leifur Þorvaldsson, Snæbjörn Sveinsson, Stefán Bjarnason, Vilhjálmur S. Kjartansson og Þorsteinn Kristvinsson.

**Ferðanefnd:** Sjöfn Sigsteinsdóttir formaður, Bergur Bergsson, Herdís Schopka, Hlynur Skagfjörð Pálsson, Hlynur Skagfjörð, Magnús Tumi Guðmundsson, Sigurður Vignisson, Sveinbjörn Steinþórsson og Vilhjálmur S. Kjartansson.

**Ritstjórar Jökuls:** Bryndís Brandsdóttir, Leó Kristjánsson, Gréta Björk Kristjánsdóttir og Snævarr Guðmundsson.

**Ritnefnd Jökuls:** Christopher J. Caseldine, Fiona S. Tweed, Gifford H. Miller, Haraldur Sigurðsson, Helgi Björnsson, Karen L. Knudsen, Karl Grönvold, Kristján Sæmundsson, Robert S. Dietrick, Tómas Jóhannesson og William H. Menke.

**Skemmtinefnd:** Katla Sigríður Magnúsdóttir, formaður, Karl Stefánsson og Sigurrós Arnardóttir.

**Valnefnd:** Jón E. Ísdal, Stefán Bjarnason og Oddur Sigurðsson.

**Fulltrúi í SAMÚT:** Björn Oddsson, Árni Páll Árnason til vara

**GJÖRFÍ-nefnd:** Þóra Karlsdóttir og Ástvaldur Guðmundsson

**Félagatal:** Hálfán Ágústsson, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir.

**Geymsla í Mörk:** Alexander Ingimarsson.

**Erlend áskrift:** Bóksala stúdenta.

## FÉLAGATAL

Dálítill fjölgun varð í félagahópnum. Heiðursfélagar eru 17, almennir félagar 538, fjölskyldufélagar 21 og námsfólk 54. Fyrirtæki og stofnanir eru 36. Samtals eru þetta 666 félagar og aðilar. Erlendir áskrifendur Jökuls eru færri en 50 en við höfum ekki alveg nákvæma tölu sem stendur.

## RANNSÓKNIR

Eins og undanfarin ár snérust rannsóknir félagsins um vorferð á Vatnajökul, mælingar á afkomu Mýrdalsjökli og sporðamælingar.

1. **Afkomumælingar á Mýrdalsjökli.** Maí – fjórar holur – þrjár holur í öskjunni og ein suðurhlíð jökulsins upp af Sólheimaheiði. Vitjað var um stikurnar um mánaðarmótin ágúst-september. Vetrarákoma var í drjúgu meðallagi en leysing síðastliðið sumar var með mesta móti.
2. **Vorferð 29. maí - 9. júní.** Ferðin nú var með nokkuð öðru sniði en oftast hefur verið, því henni var skipt í tvo hópa, fyrri og seinni hóp þar sem hvor hópur dvaldi fimm nætur á fjallinu. Ferðin var farin um Skálarfellsjökul en í þetta sinn var það ekki gert vegna snjóþyngsla á Jökulheimaleið, heldur vegna þess að ekki var talin fær leið með þungaflutning yfir aurbleytusvæðið framan við Tungnaárjökul, í fyrsta skipti í 66 ára sögu vorferða sem þetta gerist, en Tungnaárjökull hopar nú hratt. Veður var mjög hagstætt í ferðinni og færi ennþá betra. Því gengu mælingar vel. Unnið var að íssjármælingum á nokkrum stöðum, GPS landmælingum, vitjað um GPS og jarðskjálftamæla á jöklinum, gerðar gasmælingar, gerðar þyngdarmælingar á Bárðarbungu, unnið að jarðsjármælingum á íshellu Grímsvatna, unnið að mælingum á vatnshita og bráðnun og skoðaðir klettur sem nú eru að stinga upp kollinum vestast í Grímsvötnum. Hópur dvaldi í Kverkfjöllum í nokkra daga við gasmælingar. Nokkrir blaða- og kvikmyndatökumenn tóku þátt, m.a. vegna gerðar heimildarmyndar vegna 100 ára afmælis Veðurstofunnar á þessu ári (2020) auk þess sem grein birtist í Iceland Review um ferðina síðastliðið sumar.

3. **Sporðamælingar.** Hrafnhildur Hannesdóttir hefur nú tekið við umsjón sporðamælinga af Bergi Einarssyni. Mælingarnar gengu fyrir sig með hefðbundnum hætti og áfram hoga jöklar hratt, eins og verið hefur undanfarin 25 ár og reyndar í yfir 100 ár.

#### **FUNDIR**

Aðalfundur var á hefðbundnum tíma í lok febrúar en í kjölfar aðalfundarstarfa horfðum við á kvikmynd Árna Stefánssonar um Fransk-Íslenska leiðangurinn í mars-apríl 1951. Vorfundurinn var þann 30. apríl. Þar fjölluðu Hrafnhildur Hannesdóttir og Snævarr Guðmundsson um breytingar á suðausturhluta Vatnajökuls frá litlu ísöld fram til dagsins í dag. Haustfundur var haldinn 22. október. Fyrir hlé fjallaði Magnús Tumi Guðmundsson um fyrstu þekktu ferð í Grímsvötn – ferð Svianna Erik Ygberg og Hakon Wadell í lok ágúst 1919. Eftir hlé sýndi Sverrir Hilmarsson myndir af ferðum sínum til Suðurskautslandsins. Fundirnir voru allir nokkuð vel sóttir. Á aðalfundi og vorfundi voru 45-50 manns, en yfir 70 á haustfundinum.

#### **ÚTGÁFA JÖKULS, FRÉTTABRÉF OG VEFSÍÐA**

Jökull 68 kom út snemma árs og var 136 blaðsíður. Þar er að finna fjórar ritrýndar fræðigreinar og 40 blaðsíður af ýmsu efni á íslensku. Allt efni Jökuls utan tvö nýjustu heftin eru nú aðgengileg á vef Landsbókasafnsins, timarit.is. Aðgengi að elstu heftunum sérstaklega er því stórbætt frá því sem áður var, en fyrstu 20 árgangarnir hafa verið verið uppseldir í nokkur ár.

Bóksala stúdenta sér um dreifingu erlendis. Umsjón með vefsíðu og fréttabréfi hefur Hálfván Ágústsson.

#### **SKEMMTIFERÐIR**

Sumarferð var farin í annarri viku ágúst. Í þetta sinn fórum við í Bása við Þórsmörk og þaðan að Gígjökli og Steinholtjökli í blíðskaparveðri laugardaginn 10. ágúst. Þáttakendur skoðuðu ummerki um hlaupin sem komu samfara gosinu í Eyjafjallajökli í apríl 2010, ummerki um Steinholtshlaupið 1967 og síðast en ekki síst ummerki um þá gríðarhröðu hörfun þessara jökla á síðustu árum. Þáttakendur í þessari ferð voru 58 og farið var á einkabílum. Ferðin var skipulögð þannig að þeir sem ekki höfðu jeppa til umráða fengu far. Þótti þessi ferð takast með miklum ágætum.

Dagana 29. ágúst – 1. september var vinnuferð í Grímsvötn. Hún var óvenju fjölmenn enda tóku margir þátt í þeim tilgangi að halda upp á það þann 31. ágúst að þann dag voru nákvæmlega 100 ár frá komu þeirra Wadell og Ygberg í Grímsvötn. Veður var hagstætt og tókst að bera á öll hús og ditta að mörgu. Helgina 13.-15. september fór 17 manna hópur hefðbundna 13. September ferð í Jökulheima. Ferðin heppnaðist vel með gönguferðum og grilli.

GJÖRFÍ göngur voru nokkuð reglulega annan hvern fimmtudag yfir veturinn. Misjafnt er hve margir mæta en ferðirnar eru öllum opnar og auglýstar í fréttabréfinu. margar farnar á síðasta ári en þær sækja margir félagsmenn. Dagskráin hefur verið auglýst í fréttabréfinu og eru göngurnar öllum opnar.

#### **SKÁLAMÁL**

Skálanefnd fór nokkra ferðir í Jökulheima og sinnti venjulegu viðhaldi. Ástandið á húsunum er almennt gott. Á Grímsfjall var farið 29. ágúst – 1. september eins og nefnt var hér að framan. Auk málunar á öllum húsum voru þau yfirfarin, dælubúnaði fyrir dieselolíu úr útítanki var komið í lag og áfyllingarkerfi uppfært. Til stóð að smíða kamar fyrir Esjufjöll, en styrkur fékkst til þess úr Uppbyggingarsjóði Ferðamannaástaða. Ekki voru þó tæk á því að ljúka verkinu í tíma þar sem tími til stefnu var of skammur, en vegna aðstæðna þarf að fara í Esjufjöll ekki seinna en í lok mars eins og aðstæður eru nú orðnar. Stefnt er á að klára verkefnið nú, fyrir lok mars ef aðstæður leyfa.

Bragginn Breiðá á Breiðamerkursandi er elsta hús sem er uppistandandi hér á landi og sem byggt var með þarfir jöklarannsókna í huga. Nokkur umræða hefur verið á síðustu misserum um framtíð þess, en vilji stendur til þess að varðveita húsið, helst í samvinnu við Vatnajökulspjóðgarð. Það mál er enn sem komið er í biðstöðu.

#### **BÍLAMÁL**

Bíll félagsins stendur ennþá fyrir sínu og reyndist vel í þeim ferðum sem hann tók þátt í. Bílanefnd sinnir bílnum vel með fyrirbyggjandi viðhaldi. Komin er af það umræða um endurnýjun bílsins en hann er nú orðinn rúmlega 20 ára gamall. Ekkert hefur verið ákveðið í þeim efnum en það er stefna stjórnar að endurnýja þegar aðstæður til þess eru hagstæðar.

### **SAMSTARF VIÐ LANDSVIRKJUN**

Samningur hefur verið við Landsvirkjun um stuðning við verkefni félagsins. Síðasti samningur rann út í árslok en hann hefur verið endurnýjaður. Stuðningur Landsvirkjunar er mikilvægur þar sem hann tryggir afnot af öflugum snjóbíl í vorferðum, sem er grundvallaratriði fyrir þá ferð, sem er í senn umfangsmikil og fjölbreytt rannsóknarferð og ferð sem sér um flutninga á eldsneyti og birgðum fyrir skálana og tækin á Grímsfjalli.

### **ÁRSHÁTÍÐ**

Árshátíðin var haldin laugardaginn 16. Nóvember. Allt gekk vel, þátttaka var góð en gestir voru tæplega 70. Fordrykkur var í þetta sinn í boði Háskóla Íslands og fór hann fram í Öskju. Guðmundur Jónasson flutti okkur svo út í óvissuna, í þetta sinn í ágætan sal úti á Seltjarnarnesi.

### **LOKAORÐ**

Sú vegferð sem hófst í nóvember 1950 með stofnun Jöklafræðisamtakafélagsins hefur undið upp á sig. Nú, tæpum 70 árum seinna á félagið 11 (eða 12 – eftir hvernig er talið) á sjö stöðum á og við jöklana. Það hefur staðið fyrir árlegum rannsóknarferðum á Vatnajökul í 67 ár og í þeim ferðum hefur drjúgur hluti þeirrar þekkingar sem nú er til um jökulinn og eldstöðvarnar undir honum orðið til. Félagssólki fer heldur fjölgandi. Fjárhagsstaðan er traust og félagið nýtur hvarvena virðingar. Þetta er ekki slæm staða. Hún er þó ekki til orðin af engu, heldur er hún afrakstur af mikilli vinnu og ástríðu stórs hóps sem finnur sig í starfi félagsins. Samstarf og samtakamáttur þessa hóps er helsta auðlegð félagsins. Starfsemi JÖRFÍ hefur vakið verulega athygli á síðustu árum og hefur hún farið vaxandi frekar en hitt. Sú athygli nær langt út fyrir landsteinana, eins og sjá má af mörgum viðtölum og fréttum um sjálfboðastarf hér á landi við jöklafræðisráðgjafir. Mig langar að lokum að nefna þrjú dæmi þar sem félagið og starfsemi þess hefur verið getið að góðu:

1. Bók Andra Snæs Magnasonar, Tíminn og vatnið, en þar kemur félagið og starf afa og ömmu Andra Snæs, Árna Kjartanssonar og Huldu Filippusdóttur innan þess mjög við sögu.
2. Unglingabók Kristínar Helgu Gunnarsdóttur, Fjallaverksmiðjan, en hún gerist að stórum hluta í Breiðá, skála félagsins á Breiðamerkursandi.
3. Í nýlegri grein í Fréttablaðinu tók menntamálaráðherra Jöklafræðisamtakafélagið sem gott dæmi um þátttöku almennings í rannsóknum og tiltók sérstaklega sporðamælingarnar.

Framundan er afmælisár, þar verður ýmislegt gert til að minnast tímamótanna og vonandi verður þetta 70. ár félagsins farsælt.

Stuttar umræður urðu í framhaldi skýrslu stjórnar einkum um afmæli félagsins á þessu ári og viðburði þess.

### **4. mál á dagskrá: Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins til samþykktar.**

Gjaldkeri JÖRFÍ, Sjöfn Sigsteinsdóttir kynnir reikningana og skýrir þá.

Lykilatriði að fjárhagsstaðan er góð. MTG útskýrir stuttlega styrk frá Neyðarlínu vegna rafstöðvar á Grímsfjalli. Umræða var um gistináttgjöld, en ekki talið að JÖRFÍ eigi að innheimta þau, því hús félagsins eru ekki leygd út í atvinnuskyni og félagið ekki með neinn rekstur annan en þann sem lýtur beint að félagsstarfi og markmiðum félagsins um jöklafræðisráðgjafir og ferðir um jökla.

Reikningar samþykktir með lófataki og gjaldkera þakkað gott starf.

### **5. mál á dagskrá: Lagabreytingar. Engar tillögur hafa komið fram.**

## 6. mál á dagskrá: Kosning stjórnar og varastjórnar skv. 4. grein laga.

4. grein: Stjórn félagsins skipa 5 aðalmenn og 4 til vara. Formaður skal kosinn sérstaklega til þriggja ára í senn. Meðstjórnendur skulu kosnir til tveggja ára í senn og ganga tveir þeirra úr stjórn ár hvert, en endurkjör er heimilt. Sama gildir um varamenn. Kosnir skulu tveir endurskoðendur til árs í senn. Stjórn skal kosin skriflega ef fleiri eru í kjöri en kjósa á. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Formaður var kosinn til 3ja ára 2019 og er því ekki kosið um það starf nú.

Úr aðalstjórn eiga að ganga: Magnús Hallgrímsson og Guðfinna Aðalgeirsdóttir. Guðfinna gefur kost á sér áfram en Magnús skorast undan endurkjöri í aðalstjórn. Hann er þó tilbúinn til að sitja áfram í varastjórn ef fundurinn kýs.

Því þarf að kjósa tvo meðstjórnendur til tveggja ára (2020-2022).

Tillaga stjórnar er eftirfarandi: Guðfinna Aðalgeirsdóttir og Andri Gunnarsson, hvoru tveggja samþykkt með lófataki.

Úr varastjórn eiga að ganga Hálfán Ágústsson og Andri Gunnarsson. Hálfán gefur kost á sér áfram en Andri nú nýkjörinn meðstjórnandi.

Stjórn leggur til að í varastjórn verði kosin til tveggja: Hálfán Ágústsson og Hrafnhildur Hannesdóttir hvoru tveggja samþykkt með lófataki.

Vilhjálmur Kjartansson var kjörinn til tveggja ára 2019. Hann hefur ákveðið að víkja úr varastjórn. Því þarf að kjósa í stað hans til eins árs.

Stjórnin leggur til að í varastjórn til eins árs (2020-2021) verið kjörinn: Magnús Hallgrímsson; samþykkt með lófataki.

Kosning valnefndar

Í valnefnd eru, kosnir til þriggja ára í senn: Stefán Bjarnason kosinn 2017, Oddur Sigurðsson kosinn 2018 og Jón E. Ísdal sem kosinn var 2019. Kjörtímabil Stefáns er því að renna út.

Stjórnin mælir með endurkjöri Stefáns Bjarnasonar (2020-2023). Samþykkt með lófataki.

**7. mál á dagskrá: Kosning endurskoðenda.** Endurskoðendur eru Garðar Briem og Valgerður Jóhannsdóttir. Tillaga stjórnar er að þau verði endurkjörin, hvoru tveggja samþykkt með lófataki.

## 8. mál á dagskrá: Önnur mál.

Fram kom hugmynd um að setja efni af hljóðdiski með söngvum Sigurðar Þórarinssonar á vefinn (JÖRFÍ kom að útgáfu hljóðdiskisins). Bent var á að félagið ætti ekki réttinn, það væru erfingjar höfundar og flytjendur þannig að þetta væri varla í verkahring félagsins.

MTG sleit nú fundinum með nokkrum orðum um hvað framundan væri í starfi félagsins vegna 70 ár afmælis JÖRFÍ á árinu. Þar ber hæst sumarferð í Jökulheima um verslunarmannahelgina, veglegur haustfundur, hátíðaútgáfa tímaritsins JÖKULS, opnun sýningar JÖRFÍ í Náttúruminjasafni 21. nóv. og afmælisárhátíð þá um kvöldið.

Fundi slitið kl. 21:10.

Reykjavík 31. mars 2020

Finnur Pálsson fundaritari